

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

28.02.2020

Efni: Umsögn um tillögu um að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3 (mál nr. 26/2020).

Störf félagsliða verða sífelld mikilvægari í íslensku samfélagi. Kröfur til þess að þeir íbúar sveitarfélaga sem þurfa aðstoð, hvort sem það er vegna öldrunar eða fötlunar, fái hana heildstætt á grundvelli félagslegra og líkamlegra þarfa, verða háværari með hverju árinu sem líður. Á sama tíma og kröfurnar til velferðarþjónustunnar aukast til muna, þurfa fleiri sértæka aðstoð. Þetta hefur valdið því að gerðar eru meiri hæfnikröfur á félagsliða og til að svara þeim kröfum var búið til viðbótanáms fyrir félagsliða sem fór af stað árið 2012.

Eðlilegra er að til sé heildstæð námsbraut sem felur í sér þau hæfniviðmið sem krafist er á hverjum tíma. Ljóst er af samtölum við stjórnendur og félagsliða að í dag eru gerðar auknar kröfur um sjálfstæði í starfi félagsliða t.d. vegna aukinnar áherslu umönnunarkerfisins á notendastýrða, persónulega aðstoð. Félagliðar vinna að endurhæfingu fólks sem vegna félagslegra aðstæðna, veikinda, öldrunar, þroskaraskanna eða hvers konar áfalla þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Vel menntað og hæft starfsfólk ræður miklu um góðan árangur velferðar- og heilbrigðisþjónustunnar. Því er mikilvægt að nám félagsliða sé fært upp á þriðja hæfniprep og þá í takt við þær hæfnikröfur sem gerðar eru í störfum þeirra í dag.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir heilbrigði sem líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Hækkandi lífaldur og breytt samsetning þjóðarinnar, þar sem hlutfall fólks af erlendum uppruna fer vaxandi, kallar á viðbrögð og vinnubrögð sem mæta þessum breytingum. Þetta kallar í auknum mæli á þverfaglega teymisvinnu allra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðiskerfisins, þá ekki síst félagsliða, en þeir sinna m.a. einstaklingum með fötlun, geðraskanir, öldruðum og langveikum. Vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum þar sem leysa þarf flókin verkefni samspils breytinga á ýmsum sviðum m.a. lýðfræðilegra, tæknilegra og fjölþjóðlegra.

Menntun starfsfólks í velferðarþjónustu er grundvallarforsenda þess að hægt sé að manna félags- og heilbrigðiskerfið með fullnægjandi hætti og veita notendum góða þjónustu auka félagslega vellíðan þeirra. Þar gegna félagsliðar veigamiklu hlutverki.



Virðingarfyllst,

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

Árni Steinar Stefánsson, sérfræðingur SGS